

1603040

Rósa Sif Jónsdóttir

Frá: Sigurður Norðdahl <sigurdur.n@fsr.is> **Sent:** 31.5.2018 15:34:12
Til: Sveinn Bragason <r08svbr@stjr.is>; Bryndís Þorvaldsdóttir <bryndis.thorvaldsdottir@vel.is>; Ari Björn Thorarensen; Ásta Stefánsdóttir
CC:
BCC:
Efni: HHA hjúkrunarheimili Árborg. Upplýsingar
Viðhengi:
Málsnúmer: 1603040

Sæl,

Sjá meðfylgjandi frá hönnuði.

Eigum við von á fomlegu svari frá ráðuneytinu og sveitarfélagini um að halda megi áfram á grundvelli bygginganefndarteikninga sem voru kynntar í síðust viku?

Húsið verður um 150 m² stærra en viðmiðin gera ráð fyrir.

Það eru allir að vilja gerðir að halda hönnuninni áfram ins og fram kemur.

Kveðja,

Sigurður Norðdahl verkfræðingur
 Framkvæmdasýsla ríkisins
 Borgartúni 7A, 105 Reykjavík
 mailto: sigurdur.n@fsr.is
 Tel. 569 8940, gsm. 863 5940

From: Guðmundur <gudmundur@urban.is>
Sent: fimmtudagur, 31. maí 2018 13:56
To: Sigurður Norðdahl <sigurdur.n@fsr.is>
Cc: 'Michael' <michael@urban.is>
Subject: HHA hjúkrunarheimili Árborg

Blessaður Sigurður

Í framhaldi af samtali okkar í gær og niðurstöðu fundar okkar með stýrihópnum mun ég biðja aðra ráðgjafa um að hefja vinnu við verktiekningar á grunni fyrirliggjandi uppdrátta. Í ljósi þess að verkið hefur tafist um tvær vikur frá okkar fyrstu verkáætlun tel ég mjög mikilvægt að koma hönnuninni á fullt skrið.

Ég geri ráð fyrir að hitta ráðgjafa eftir helgi til að fara yfir verkferla. Jafnframt geri ég ráð fyrir að halda sameiginlegan fund arkitekta, LOOP og Urban með ráðgjöfum í viku 24 þ.e. á tímabilinu 11-15 júní. Við höfum fundað með eldvarnareftirliti og byggingarfulltrúa Árborgar og niðurstaða þess fundar er að þeir sjá ekkert í fyrirliggjandi gögnum sem ætti að tefja afgreiðslu málsins.

Ég tel því rétt að óska eftir því að byggingarfulltrúi Árborgar fari yfir aðaluppdrætti af hjúkrunarheimilinu þó að hann taki þá ekki fyrir fyrr en deiliskipulagsferli er að fullu lokið.

Fyrir liggjur skýrsla um hljóðhönnun byggingarinnar og einnig eldvarnaskýrsla. Við fengum Hörpu Ingólfssdóttur til að rýna ferli og aðgengi um bygginguna. Hún hefur fundað með okkur eftir að hún skoðaði fyrstu teikningar og síðan hefur hún sent okkur leiðbeiningar og athugasemdir á e-mail formi.

Arkitektamódel liggur fyrir af byggingunni og nú er vinna í gangi við að kóða alla byggingarhluta í samræmi við uniclass kerfið.

Fljóttlega eftir að ráðgjafar hefja frekari vinnu við hönnun munum við fá 3D-módel af þeirra tillögum þannig að þá getum við árekstra prófað módelin.

Varðandi skráningartöflu. Ég miðaði við að húsið væri einn matshluti og væri í eigu eins aðila þannig að við skiptum byggingunni ekki upp í marg a eignarhluta. Eru einhverjar sérstakar óskir varðandi hvernig við útfærum skráningartöfluna?

Bestu kveðjur
Guðmundur

Guðmundur Gunnarsson arkitekt fai, maa
Urban arkitektar ehf.
Austurstræti 18
101 Reykjavík
sími 5171070
gsm 8215022
gudmundur@urban.is

14/6/2018

Velferðarráðuneytið

Minnisblað

Samþykkt.

J

Viðtakandi: Heilbrigðisráðherra
Sendandi: Skrifstofa heilbrigðisþjónustu
Dagsetning: 12.06.2018
Málsnúmer: VEL16020182
Bréfalykill: 05.61.15

Efni: Nýtt hjúkrunarheimili í Árborg - Bygging

Priðjudaginn 24. október 2017, voru kynntar niðurstöður í hönnunarsamkeppni um hjúkrunarheimili í Sveitarfélginu Árborg. Hjúkrunarheimilið verður staðsett á Selfossi. 1. verðlaun hlaut Urban arkitektar ehf. og LOOP architects aps.

Um er að ræða hringлага hús á tveimur hæðum með skjólgóðum innigarði. Samhliða var gengið frá samning milli ráðuneytis og sveitarfélagsins um að fjlóga rýmum heimilisins um 10, úr 50 í 60 hjúkrunarými.

Samið var við vinningshafa fljótlega eftir að samkeppni lauk. Síðan hefur verið unnið að áframhaldandi hönnun verksins. Við þessa hönnunarvinnu hefur komið í ljós að erfitt er að uppfylla kröfur viðmiða ráðuneytisins um 65 m² hámark fyrir hvert hjúkrunarými. Þar er einnig gerð sú krafa að einkarámyi hvers íbúa væri 28 m² að lágmarki. Hönnuðir hafa lagt allnokkra vinna við að minnka hámarks fermetra tölu og er hún nú um 67 m² á hvert rými.

Ástæður þess að ekki verður neðar komist í fermetratölu svo vel sé eru nokkrar. Hringformið sem valið er gæti haft eithvað að segja, strangar er tekið á kröfum um gangabreidd í byggingarreglugerð ný en gert var áður og að rýmum var fjöldað um 10 eftir að form og gerð hússins lá fyrir. Rétt er að taka það fram að um er að ræða gangarámyi að mestu og er kostnaður þeirra fermetra mun lægri en meðal kostnaður á hvern fermetra hússins.

Tillaga:

Lagt er til að halda hönnun áfram og gera ekki athugasemdir við þá tæpu 150 m² sem umfram eru. Einung er lagt til að á næstunni verði farið yfir viðmið ráðuneytisins og skoðað hvort þau séu of ströng miðað við þær kröfur sem byggingarreglugerð gerir.